

Fundur 3.4.2023 Kristbjörg frá Vestfjörðum, dó á fimmtánda öld.

Sælir og blessaðir og gleður það mig mjög að tala til ykkar frá þessari stjörnusambandsstöð á annarri jörð og vildi ég óska að þið finnduð orkuna sem hér er.

Og hefur mér tekist að komast á æ betri framlífs jarðir og uni hér vel og hef ég mikla þrá að hjálpa öðrum og láta gott af mér leiða og er mér þess meðvituð að sérhver neikvæð hugsun hindrar þroskann og samstillinguna við hin æðri öfl.

Og hefur mér sífellt betur í hverri jarðvist tekist að ná tökum á sjálfri mér og eigin göllum og senda aukin kærleika og kraft til framlífs jarðanna og hef ég ekki gleymt gömlu jörðinni.

Var það nú samt þannig um nokkurt skeið að það fór um mig hrollur í hvert skipti sem ég hugsaði um frumlífs jörð mína, þar sem minningar mínar um hana voru um kulda og vosbúð og fáktækt og sjúkdóma og skilningsleysi hjá sýslumanni og yfirvöldum á hlutskipti alþýðufólks og skilningsleysi hjá kirkju yfirvöldum og spillingu í þeirra stétt.

En þegar mér tókst að skynja til gömlu jarðarinnar með hjálp annarra sem hafa lifað á ykkar jörð, þá fór mér að skiljast að þessi erfiði staður þar sem, erfitt að úrskýra þetta, þar sem fyrstu möguleikar lífsins til að þróast og verða til og mótast í rétta átt, mæta kuldanum úr norðri og hitanum í suðri og úr verður einhvers konar manneskja sem ekki veit sitt rjúkandi ráð og tekur mismunandi stefnu í lífinu.

En hef ég hér lifað svo mörg æfiskeið að mér verður æ oftast hugsað til gömlu jarðarinnar og mér hefur verið bent á það af mínum kennurum og leiðbeinendum í framlífi að mjög mikilvægt sé að frumlífs jörð ykkar og mín gamla frumlífs jörð, nái að blómstra sem best og helstefnunni verði frá bægt og aðstæður þær sem ég ólst upp við, verði ekki hlutskipti ykkar eða afkomenda ykkar, heldur hafi fólk kost á því að vaxa og þroskast til betra lífs og skilji betur möguleika sína og jarðarinnar ykkar í fyrstu, og fleiri jarða í kjölfarið.

Ég er íslensk kona, skynjaði ég til ykkar nýlega og varð það áhugamál mitt um langt skeið í einni jarðvist að taka fólk í meðferð sem dáið hafði í náttúruhamförum, eins og þeim sem ég dó í á gömlu jörðinni og tel ég nú rétt að rifja upp æfi mína á gömlu jörðinni svo þið skiljið mína afstöðu.

Ég dó úr kulda og sárum eftir snjóflóð og hafði ég þá lifað af pestina svo kölluðu og átti ég erfitt líf árin þar á eftir, missti ég öll mín börn, sjö að tölu og þau síðustu með mér í þessu hörmulega slysi.

Og hafði ég kynnst því árin á undan hvernig sumir af þeim sem ég kannaðist við og bar virðingu fyrir, beittu grimmilegum aðgerðum til að ná undir sig jörðum og landareignum og skipti það engu hvort menn voru kirkjunnar menn eða höfðingjar.

Og var það barningur að fá skjól hjá þeim sem var treystandi, og eignaðist börn með tveimur mönnum til viðbótar við eiginmann minn sem ég missti í svarta dauða.

Og var ég nokkuð lengi að vinna úr þessu á framlífs jörð, en fékk ég af því búnu mikinn áhuga á því að hjálpa þeim sem þannig höfðu lent í náttúruhamförum.

Og svo þegar ég kom á aðrar framlífs jarðir, fór ég að fá áhuga á náttúruvísindum og spyrja mig þeirrar spurningar, hvernig stæði á því að atvikin hagi þessi til, eftir ýmsum hætti og get ég nú ekki farið út í það allt að sinni.

En niðurstaðan úr því námi mínu og lífsreynslu um nokkur æfiskeið, var að vinna bug á neikvæðum hvötum mínum og kenndum og fylla mig af æ meiri kærleika svo ég mætti verða öflugri í því að hindra þessa atburði og ná til þeirra sem lentu í slíkum atburðum.

Já nú eru nokkur hundruð ár síðan ég var uppi og held ég fast í hina heiðnu trú en hef þó einnig góð sambönd við kristna menn og aðra, enda gott fólk í öllum trúarbrögðum.

Þjó ég á Vestfjörðum og heiti ég Kristbjörg, get ég ekki alveg sagt föðurnafnið, en ég náði að sameina fjölskylduna á framlífs jörð og er hamingjusöm i dag og hef verið lengi.

Og þið vonandi finnið að ég vil ykkur hið besta og langt síðan það var mín helsta áskorun og áhugamál.

Já hér er frá mörgu að segja en orkan er nú farin að minnka, kannski ég geti komið síðar, þakka ég kærlega fyrir mig og verið þið sæl.

*Já vertu velkomin og þakka þér fyrir, blessuð.*

Takk.